

AUGLÝSING

um starfsreglur frá kirkjuþingi um breyting á starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

„STARFSREGLUR

um breyting á eftirfarandi starfsreglum: starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um prófasta nr. 734/1998, starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000 og starfsreglum um vígslubiskupa nr. 820/2000.

1. gr.

Starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998.

Orðin „og sókna“ í 2. ml. 1. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 733/1998, svo og orðin „og kirkna“ í sama ml. falla brott.

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi: Fulltrúar prófastsdæmisins á leikmannastefnu.

Orðin „sókna, kirkjugarða og“ í 4. tl. 5. gr. falla brott.

2. gr.

Starfsreglur um sóknarnefndir nr. 732/1998.

Í stað orðsins „prófasts“ í 9. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 komi: biskupsstofu.

3. gr.

Starfsreglur um prófasta nr. 734/1998.

1. ml. 9. gr. og 2. mgr. 15. gr. starfsreglna um prófasta nr. 734/1998 falla brott.

4. gr.

Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000.

Orðin „og útnefnið talsmann þolenda“ í staflið g í 1. mgr. 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 falla brott.

5. gr.

Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 820/2000.

2. ml. 7. gr. starfsreglna um vígslubiskupa nr. 820/2000 orðist svo: Biskup Íslands felur vígslubiskupi þær sáttaumleitanir. 2. ml. verður 3. ml.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 29. gr., 32. gr., 55. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 2. nóvember 2005.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005